

2002 til að gera athugasemdir við upplýsingar Fiskistofu og tilkynna val á viðmiðunarári samkvæmt 1. og 2. gr. Athugasemdir og tilkynningar um val, sem berast eftir þann tíma skulu ekki teknar til greina. Að fengnum athugasemdum skal Fiskistofa fyrir 1. mars 2002 úthluta endanlega aflaheimildum samkvæmt 1.-3. gr. og jafnframt fella niður heimild til veiða á löngu, keilu og karfa sem meðafla, samkvæmt reglugerð nr. 729/2001.

6. gr.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt 1.-3. gr. skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

7. gr.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskafrahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaafلامark og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmarkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátunum krókaafلامlutdeild eða krókaafلامark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skulu bátar þeirra stunda veiðar samkvæmt krókaafلامarksleyfi. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmarkunum fyrir bát reiknast róðradagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

8. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Á 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

- A. 2. töluliður. Í stað: „30.000“ komi: 38.000. Í stað: „29.495“ komi: 37.495.
- B. 3. töluliður. Í stað: „30.000“ komi: 36.400. Í stað: „29.495“ komi: 35.895.
- C. 9. töluliður. Í stað: „4.000“ komi: 5.000.

2. gr.

Á 6. gr. verða eftirfarandi breytingar:

- A. Í stað: „þorski, ýsu, ufsa og steinbít“ í 1. mgr. komi: þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa.
- B. Við 6. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaafلامark í, skal skerða krókaafلامark hans í öðrum tegundum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990. Hverjum báti skal þó heimilt, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en

þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.408 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. janúar 2002 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

SAMPYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Hvítársíðuhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Hvítársíðuhreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Hvítársíðuhrepps eða eigenda húsnæðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.